



Reykjavík 3. október 2023

Efni: Umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2024, mál nr. 2.

Samtök ferðaþjónustunnar – SAF vísa í frumvarp, fjármálaráðherra um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2024, mál nr. 2. Frumvarpið mælir fyrir ýmsum aðgerðum sem hafa áhrif bæði á tekju- og gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins. SAF hafa farið yfir efni frumvarpsins og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri. SAF ásamt fulltrúum bílaleiga óska eftir að eiga fund með efnahags- og viðskiptanefnd til að fara nánar umsögnina.

Orkuskipti á leið í vaskinn

Samtök ferðaþjónustunnar, fyrir hönd ökutækjaleiga hafa þungar áhyggjur og vilja koma á framfæri ábendingum vegna fyrirhugaðrar VSK álagningar við endursölu og útleigu vistvænna bílaleigubíla - svokallaðra hreinorkubíla. Samtökin hafa á sl. árum bent á að niðurfelling VSK af umræddum bílum kemur skattskildum aðilum eins og ökutækjaleigum ekki til góða. Álagning VSK á endursölu bíla skaðar þannig verulega samkeppnisstöðu ökutækjaleiga á eftirmarkaði.

Endurkrafa hins opinbera á VSK ívilnun bíla sem ökutækjaleigur hafa fjárfest í hefur grafalvarlegar afleiðingar fyrir orkuskipti á Íslandi. Líklegt er að ökutækjaleigur leiti allra leiða til að nýta ökutæki inni í rekstrinum eða losi ökutæki inn á hagkvæmari markaði. **Boðaðar breytingar munu því draga verulega úr orkuskiptum hjá ökutækjaleigum og þar með auka líkur á að orkuskipti almennt fari í vaskinn.**

Samtökin benda á að eftirspurn eftir hreinorkubílum hjá ökutækjaleigum er takmörkuð. Þá er innkaupsverð hreinorkubíla enn í dag mun hærra en á sambærilegum bílum sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti. Munurinn er um 20 – 25% og er ekki reiknað með að verð á hreinorkubíl og bíl sem gengur fyrir jarðefnaeldsneyti nái jöfnuði fyrr en undir lok áratugarins.

Boðað afnám undanþágu frá álagningu VSK á útleigu hreinorkubíla mun draga verulega úr lítilli eftirspurn. **Reikna má með að hreinorkubílar verði ekki lengur raunhæfur kostur fyrir leigutaka bílaleigubíla vegna 24% VSK hækkunar á leiguverði.** Það mun einnig draga verulega úr orkuskiptum hjá ökutækjaleigum.

Samtökin vilja gjarnan vinna með stjórnvöldum að fyrirkomulagi sem stuðlar að auknum orkuskiptum. Í september síðastliðnum voru 30.410 bílaleigubílar á skrá og þar af voru 2.340 hreinir rafbílar. Skráðir bílaleigubílar í september voru 30.410, þar af 2.340 rafbílar eða 7,7% skráðra bílaleigubíla. Þetta hlutfall hefur aukist verulega ár frá ári með samstarfi og meintum stuðningi stjórnvalda sem nú er ráðgert að endurheimta.

Til að ná fram settum markmiðum í orkuskiptum og tryggja gott samstarf við ökutækjaleigur leggja samtökin til eftirfarandi:

- Framlengja þarf 3. gr. bráðabirgðaákvæðis XXIV í lögum um virðisaukaskatt.
- Framlengja þarf til nokkurra ára bráðabirgðaákvæði XXXIX í lögum um virðisaukaskatt.

Betur látið til staðar numið en af stað farið með hækkun krónutölugjalda

Í fyrirliggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir hækkun svokallaðra krónutölugjalda sem telja meðal annars olíu- og kílómetragjald, sem og áfengis- og tóbaksgjald. Gert er ráð fyrir að hækkun þessara gjalda muni nema 3,5% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2024. Miðað við það efnahagsástand sem nú ríkir með háum vöxtum og verðbólgu telja SAF að eðlilegra væri að stjórnvöld myndu láta krónutöluhækkunarir eiga sig í bili. Ljóst er að hækkun krónutölugjalda getur kynnt enn frekar undir verðbólgu, því er betur heima setið en af stað farið. **Hlutverk hins opinbera ætti hvorki að vera til þess fallið að kynda undir né leiða verðlagshækkunarir.**

Samkeppnishæfni áfangastaðarins Íslands þarf ávallt að hafa að leiðarljósi. Áfengisgjöld eru há í alþjóðlegum samanburði, svo mjög að ærið tilefni er til að leggjast í endurskoðun á þeirri gjaldheimtu. **Hið opinbera ætti jafnframt ávallt að hafa þá staðreynd bakvið eyrað að álagning nýrra skatta og gjalda sem og hækkun þeirra getur haft neikvæð áhrif á verðmætasköpun.** Ekki er hlaupið að því að hærri skattar auki tekjur ríkissjóðs almennt, sér í lagi miðað við núverandi afkomu og framleiðni ferðaþjónustu. Það er varhugavert að leggja fleiri steina í götu atvinnugreinarinnar með þessum hætti á meðan greinin er enn að ná auknum styrk.

SAF ítreka mikilvægi þess að endurskoða þurfi gjaldtöku og almenna skattheimtu á áfengi, enda gjaldið allt of hátt í alþjóðlegum samanburði. Þangað til og á meðan sú endurskoðun fer fram telja SAF að engar breytingar skuli gerðar á gjaldinu til hækkunar.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

*Virðingarfyllt,
f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar*



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri